

Munich 2022 European Sprint Championship



Þríþrautarsambandið ætlar að senda út landslið fyrir hönd Íslands á Evrópubikarinn í sprettþraut sem verður í Munchen, Þýskalandi þann 14. Ágúst 2022.

Vertu fulltrúi Íslands, berðu fánann með stolti og taktu þátt í skemmtilegum og spennandi viðburði ásamt þeim fremstu í heiminum.

Spurningar & Svör

Hvar og hvenær er keppnin?

Evrópubikarinn verður í Munchen, Þýskalandi frá 12 - 14. ágúst 2022.

Hverjar eru vegalengdirnar?

Sprettþraut*: Sund 750m;

Hjól 22km;

Hlaup 5km

****Open water & Draft legal keppni***

Ég er ekki viss um að þetta sé fyrir mig. Hvað þýðir það að keppa á Evrópumóti?

Þríþraut er ein af fáum íþróttum í heiminum þar sem þú, sem áhugamaður, getur verið fulltrúi þíns lands. Þetta er kjörið tækifæri til að hafa gaman, ögra sér og bera íslenska fánann með stolti. Tækifæri til að fá að keppa á stórmóti meðal þeirra bestu í heiminum og frábær keppnisreynsla í bankann. Þríþrautarsamband Íslands sendi lið til London 2013, Rotterdam 2017 og einnig til Sviss 2019 – Heyrðu í þeim og spurðu endilega um þeirra reynslu.

Hvernig get ég tekið þátt?

Aðeins landsambönd geta skráð fólk á viðburðinn. Þú þarft að taka þátt í Spretþraut Hafnarfjarðar sem verður haldin þann 29.maí nk. Til að eiga möguleika á þátttökurétt, þarf þinn tími að vera innan við 20% af tíma fyrsta einstaklings í þínum aldurshóp, þar sem við miðum við aldursflokka World Triathlon sem eru eftirfarandi: 20 - 24; 25 - 29; 30 - 34; 35 - 39; 40 - 44; 45 - 49; 50 - 54; 55 - 59; 60 - 64; 65 - 69; 70 - 74; 75 - 79;

Hæfnisdæmi: Einstaklingur í fyrsta sæti kvk 30-34 ára, klárar sprettþrautina á 1.10 klst. Til að eiga þátttökurétt, þá má tími einstaklings í þeim aldursflokki vera allt að 1.24 klst. Þau sem ekki geta tekið þátt í sprettþrautinni í Hafnarfirði af einhverjum ástæðum geta samt sem áður sótt um undanþágu til PRÍ um að taka þátt á Evrópuleikunum.

Allar umsóknir verða að berast fyrir 1. júní 2022.

Við hverju má ég búast?

Liðið mun ferðast saman og vera saman á hóteli. Settur verður upp Facebook hópur til að veita reglulegar uppfærslur, og þú færð tækifæri á að hitta liðið fyrir brottför. Boðið verður uppá sameiginlegar keppnisæfingar fyrir hópinn þegar nær dregur keppni. Sædis Björk Jónsdóttir verður liðstjóri og mun sjá um hópinn fyrir keppnina, hún fór fyrir hönd Íslands á World Triathlon heimsmeistaramótið sem var haldið í Sviss 2019.

Mikilvægar dagsetningar:

29. maí: Spretþraut Hafnarfjarðar til að öðlast þátttökurétt.

31. maí: Lokadagur til að sækja um.

11. ágúst: Möguleg brottör.

14. ágúst: Keppnisdagur.

15. ágúst: Möguleg heimkoma.

Hver verður kostnaðurinn við þetta?

Þeir íþróttamenn sem öðlast þátttökurétt sjá sjálfir um sinn kostnað. Yfirlit yfir kostnað sem þarf að hafa í huga er eftirfarandi:

Þátttökugjald í sprettþrautina -170 €

Landsliðsfatnaður (þar á meðal keppnisbúningur og bolur)

Flug og Gisting – **Á eftir að staðfesta verð**

Hvernig get ég fengið frekari upplýsingar?

Getur kíkt á -> <https://www.munich2022.com/en/triathlon-age-group> og

https://www.triathlon.org/uploads/events/220424_EC_Munich_2022_Age_Group_Announcement.pdf

Sent línu á Sædisi sem sér um hópinn eða jafnvel heyrt í einhverjum sem hefur farið í svipaða keppni áður, til að fá frekari upplýsingar um þeirra reynslu.

Fyrir þá sem fara í keppnina verður upplýsingum miðlað reglulega þegar nær dregur.